

Kirkjuþing 2017.  
20. mál –þskj. 20

## **T I L L A G A**

til þingsályktunar um að fulltrúi  
kirkjuþings unga fólksins hafi styrkari stöðu á kirkjuþingi.  
(Lagt fyrir 56. kirkjuþing 2017)

Flutt af kirkjuþingi unga fólksins  
Frsm. Eline Elnes Rabbevaag

Kirkjuþing unga fólksins 2017 ályktar að fulltrúi kirkjuþings unga fólksins á kirkjuþingi hafi atkvæðisrétt í stað þess að vera áheyrnarfulltrúi.

### *Greinargerð:*

Nú er komin góð reynsla á setu forseta KUF á kirkjuþingi. Forsetar KUF hafa hingað til haft málfrelsi og tekið virkan þátt í störfum kirkjuþings. Við teljum eðlilegt að gefa þeim frekari tækifæri á að hafa mótandi áhrif á störf þingsins og niðurstöðu með því að þeir öðlist atkvæðisrétt á þinginu.